

BRÁÐABIRGÐALÖG

um heimild til lántöku vegna Vestfjarðaáætlunar og Norðurlandsáætlunar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að nú sé falt lán á vegum Viðreisnarsjóðs Evrópuráðsins til Vestfjarðaáætlunar og Norðurlandsáætlunar. Þar sem lántakan þurfi að fara fram í janúarmánuði, beri brýna nauðsyn til að afla lagaheimildar til að ríkissjóður geti ábyrgzt lántökuna.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á láni vegna Vestfjarðaáætlunar allt að 45 m.kr. og vegna Norðurlandsáætlunar allt að 180 m.kr. eða jafnvirði þeirra fjárhæða í erlendum gjaldeyri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. desember 1968.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.